

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 10. ágúst 2007 í máli nr. S-622/2007:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi)

gegn

Ívari Aroni Hill Ævarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu útgefinni 16. júlí 2007 á hendur Ívari Aroni Hill Ævarssyni, kt. 000000-0000, Stapagötu 20, Reykjanesbæ, „eftirtalin brot framin í Reykjavík og Kópavogi í júlí 2007:

1. Þjófnað, miðvikudaginn 4. júlí á bifreiðastæði við Landspítala-háskólasjúkrahús við Hringbraut, með því að brjóta rúðu í bifreiðinni IY-380 og stela veski og snyrtiveski úr henni, samtals að verðmæti kr. 14.500.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Tilraun til þjófnaðar, með því að hafa fimmtudaginn 5. júlí í auðgunarskyni gert tilraun til að brjótast inn í íbúðarhúsnæði að [...], með því að spenna upp útihurð, en ákærði hvarf frá þegar til hans sást.

Telst brot þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Umferðarlagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 5. júlí ekið bifreiðinni NX-966 án þess að hafa ökuréttindi og undir áhrifum ávana- og fikniefna og óhæfur til að stjórna henni örugglega á bifreiðastæði við Hagkaup í Smáralind, Kópavogi þar sem akstri lauk.

Telst brot þetta varða við 1. og 2. mgr. 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/1993.“

Í upphafi aðalmeðferðar féll ákærvaldið frá ákærulið nr. 1 og ákærulið nr. 3 að því er varðar akstur bifreiðar undir áhrifum ávana- og fikniefna.

Ákærði játaði fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinn NX-966 án þess að hafa ökuréttindi, sbr. það sem eftir stendur af ákærulið nr. 3.

Ákærði krefst aðallega sýknu af ákærulið nr. 2, en til vara að honum verði ekki gerð sérstök refsing. Þá krefst hann þess að komi til þess að honum verði gerð fangelsisrefsing komi gæsluvarðhald er hann hefur sætt frá 6. júlí 2007 til frádráttar að fullri dagatölu. Einnig krefst hann hæfilegra réttargæsluþóknunar og málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda sínum, vegna vinnu verjandans á rannsóknarstigi og fyrir dómi og að kostnaður þessi, ásamt öðrum sakarkostnaði verði greiddur úr ríkissjóði.

I.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu, auk ákærða, vitnið, X.

Í frumskýrslu lögreglu varðandi ákærulið nr. 2 kemur fram að lögregla hafi verið kölluð að [...] um klukkan 16:18 þann 5. júlí sl. vegna þess að maður hefði verið að reyna að brjótast þar inn. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi tekið á móti þeim tilkynnandi, X. Hafi hann sagst hafa séð mann reyna að brjótast inn um svalahurð á íbúð 0101 á fyrstu hæð norðanmegin. Eigandi íbúðarinnar hafi ekki verið heima. Er haft eftir X að maðurinn hafi verið klæddur í rauða peysu og þegar hann hafi séð að verið var að fylgjast með honum þá hafi hann farið á brott og verið sóttur á rauðri bifreið, sem X hélt að gæti verið af Toyota gerð með númerið RY-088. Þá er haft eftir X að hann hafi séð manninn vera að taka númeraplötu af bílnum áður en hann og félagar hans hafi lagt af stað.

Þá kemur fram í skýrslunni að á vettvangi hafi verið skemmdir á hurðarhúni eftir einhverskonar verkfæri sem hefði verið notað til að reyna að rífa hurðina opna. Hurðarhúnninn hafi legið á jörðinni. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós að framangreint skráningarnúmer tilheyri hvítri Toyota Avensis bifreið.

Í frumskýrslu lögreglu varðandi ákærulið nr. 3 kemur fram að um klukkan 19:14 hafi lögregla verið kölluð að Smáralind vegna ökumanns sem hafi verið sofandi í bifreið, sem hafi verið kyrrstæð beint fyrir framan inngang Hagkaups í Smáralind. Hafi öryggisverðir reynt að vekja manninn en án árangurs.

Reyndist þetta vera ákærði og sat hann í ökumannssæti rauðrar Skodabifreiðar með fastanúmerið NX-966. Framan á bifreiðinni var hins vegar skráningarmerkið RY-088 en ekkert skráningarmerki aftaná. Eins og fyrr er komið fram hefur ákærði viðurkennt að hafa ekið umræddri bifreið á umræddan stað, en ákærði er án ökuréttinda. Ákærði var í kjölfarið handtekinn.

Einnig liggur fyrir í málinu skýrsla um myndsakbendingu þar sem vitnið X valdi mynd af ákærða úr safni 9 mynda, sem mynd af þeim manni sem hann hafi séð í umrætt sinn við [...].

Við skýrslugjöf hjá lögreglu neitaði ákærði að hafa verið á ferð við [...] þennan dag og kvaðst hafa fengið umrædda bifreið lánaða um klukkustund áður en lögregla hafði afskipti af honum við Smáralind. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað að bifreiðin hafi verið á röngum skráningarnúmerum og að hann myndi ekkert eftir hvað hann

hefði verið að gera fyrir um daginn. Þá mundi hann ekki hvar hann hefði fengið bifreiðina lánaða.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá að hann hefði fengið umrædda bifreið lánaða, hjá eiganda hennar, Ásgeiri að nafni, að því er hann taldi um það bil klukkutíma fyrir handtöku og hafi það verið nálægt Langholtsvegi. Kvað ákærði aðspurður að hann minnti að hann hafi verið staddur í húsi nálægt gatnamótum Langholtsvegar og Kleppsvegar um klukkan fjögur umræddan dag, í nágrenni við Shellstöðina. Taldi að húsið væri nr. 102 við Kleppsveg, en þar búi vinur hans á neðri hæð, Þorsteinn að nafni. Kvaðst ekki vera búinn að þekkja hann lengi en viti að hann heiti Þorsteinn og búi þarna á horninu. Nánar aðspurður kvað ákærði að hann minnti að hann hefði verið þarna en gæti ekki fullyrt það með vissu. Ákærði kvaðst hafa tekið inn Rivotril og Mogadon þennan dag og hafi hann verið undir áhrifum þeirra allan daginn. Ákærði áréttaði að þó hann myndi ekki með fullri vissu hvar hann hefði verið um klukkan fjögur þennan dag þá væri hann þess fullviss að hann hefði ekki verið í Grafarvogi og þvertók fyrir það að hann hefði verið á umræddri bifreið á þeim tíma og taldi að eigandi bifreiðarinnar myndi geta staðfest það. Ákærði staðfesti að myndir af honum sem lagðar voru fram af hálfu ákærvaldsins sýndu hvernig hann var klæddur er hann var handtekinn umræddan dag. Ákærði kvaðst aðspurður af verjanda sínum ekki kannast við að eiga eða hafa gengið með silfurskreytt belt sem vitni hafi nefnt í skýrslu hjá lögreglu. Þá hafnaði hann því að hann ætti eða hefði gengið með mosagræna hermannaderhúfu, sem sama vitni hafi nefnt í skýrslu hjá lögreglu.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu 11. júlí sl. skýrði vitnið X svo frá að hann hefði verið um klukkan 16:00 þann 5. júlí sl., ásamt kærustu sinni Y, að koma heim til sín að [...] og hafi verið að keyra fram hjá húsinu. Hafi hann og Y séð mann standa við svalahurð á jarðhæð. Hafi þau ekið inn á bílastæðið við húsið og hafi séð manninn standa enn við svalahurðina. Kannist vitnið við konuna sem þarna búi og viti til þess að hún búi ein og hafi verið í útlöndum á þessum tíma. Þegar maðurinn hafi orðið þeirra var hafi hann hlaupið í burtu. Y hafi einnig séð manninn. Maðurinn hafi verið „skopparalegur“ til fara. Í gallabuxum og í rauðri hettupeysu með grænum eða brúnum, mjóum þverröndum. Hann hafi verið krúnurakaður og með brúnt hár að því er vitninu sýndist. Kvað vitnið að sér hefði sýnst maðurinn vera með silfurskreytt belt, að hann væri 26 til 27 ára og frekar hávaxinn. Eftir að maðurinn hafi hlaupið á brott hafi vitnið farið aðeins inn í íbúð sína en Y hafi séð rauðan bíl aka fram hjá húsinu og hafi fólk í bílnum horft að umræddri íbúð í [...]. Þá hafi áður nefndur maður verið í bílnum ásamt öðrum strák og stúlku. Hafi þau ekið frá Langarimanum og inn í botnlangann. Eftir að vitnið hafi verið búíð að hringja á lögregluna hafi það ætlað að fara upp í Spöng. Hafi það ekið að gatnamótum Langarima og Hrísríma og hafi þar séð rauðu bifreiðina aftur. Hafi vitnið þá séð fyrrnefndan mann að nýju, en þá hafi hann verið kominn með hermannaderhúfu (mosagræna) á höfuð sér. Hafi vitnið einnig séð strákinn og stúlkuna sem Y hafi minnst á við vitnið að hún hefði séð. Þegar vitnið hafi borið að hafi skottlok bifreiðarinnar verið opið og hafi vitnið séð strákinn vera að handleika númeraplötu sem hann hafi svo sett í aftursæti bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið ekki geta lýst stráknum eða stúlkunni. Vitnið kvað að þar sem það hafi séð rauða bílinn þarna hafi það ekið að lögreglustöðinni við Langarima. Hafi komið lögreglubifreið á staðinn og hafi hún mætt rauða bílnum. Hafi vitnið tekið eftir því að númeraplötu hafi vantað aftan á rauða bílinn en framan á bílnum hafi verið annaðhvort númerið RU-088 eða RY-088. Lögregla hafi ekið inn Hrísrímann og hafi vitnið farið á eftir

lögreglunni og hafi látið vita að lögreglubifreiðin hefði mætt bifreiðinni sem gerandinn hafi verið í. Hafi vitnið ekki séð rauða bílinn meira eftir það.

Fyrir dómi lýsti vitnið X málavöxtum þannig að hann hafi umræddan dag verið að koma heim til sín að [...] um tuttugum mínútur yfir fjögur að lokinni vinnu. Þegar hann hafi keyrt framhjá húsinu hafi hann séð að einhver maður hafi staðið upp við hurðina á íbúð á neðstu hæð, sem vísi út á veginn. Honum hafi fundist þetta einkennilegt en hafi ekið áfram og inn á bílastæði. Þegar hann hafi komið þangað hafi maðurinn litið upp á vitnið og hafi síðan hlaupið í burtu. Kvaðst vitnið ekki hafa hugsað meira út í það en hafa gengið upp að hurðinni og hafa þá séð að hurðarhúnninn hafi verið dottinn af og skrapför hafi verið inn í lásnum. Þá kvaðst vitnið hafa farið inn og hringt á lögregluna, þar sem það hafi vitað að íbúi í viðkomandi íbúð hafi ekki verið heima. Eftir þetta hafi vitnið ætlað að fara út og upp í Spöng og þegar það hafi verið að keyra út úr Hrísríma inn á Langaríma hafi vitnið séð að þar hafa sami maður staðið á bílastæði ásamt tveimur öðrum við rauðan bíl. Kvaðst vitnið hafa ekið inn á bílastæði við 10-11 við Langaríma þar sem það hefði séð að lögreglubíllinn hafi verið að koma. Þar hafi vitnið beðið og fylgst með. Þá hafi vitnið séð að tekin hafi verið númeraplata og sett í aftursæti rauðu bifreiðarinnar. Síðan hafi rauðu bifreiðinni verið ekið burt og lögregla hafi komið á staðinn stuttu síðar. Aðspurt kvað vitnið manninn sem staðið hafi við hurðina hafa verið frekar hávaxinn, snöðklipptur, í rauðri hettupeysu með röndum og gallabuxum. Um bifreiðina sagði vitnið að hún hafi verið rauð, gæti hafa verið gamall Volkswagen Golf, fjögurra dyra. Bílnúmerið mundi vitnið ekki nákvæmlega en talan hafi verið 088, á númeraplötunni að framan en engin númeraplata hafi verið að aftan. Þegar borinn var undir vitnið framaburður þess hjá lögreglu um að bílnúmerið hafi verið RY-088 staðfesti vitnið að það hefði verið númerið sem það sá. Borin var undir vitnið skýrsla með myndum varðandi myndsakbendingu sem vitnið framkvæmdi hjá lögreglu og staðfesti vitnið að það hefði bent á mynd af ákærða sem mynd af þeim manni sem það hefði séð standa við umrædda hurð. Kvaðst vitnið vera alveg visst í sinni sök og kvað einnig aðspurt að ákærði, sem sat í réttarsalnum, væri sá maður sem um ræddi. Þá voru bornar undir vitnið myndir sem lögregla tók af ákærða í kjölfar handtöku umræddan dag og staðfesti vitnið að þetta væri maðurinn sem hann hefði séð. Verjandi ákærða innti vitnið eftir því af hvaða ástæðum haft væri eftir vitninu í frumskýrslu að hinn grunaði hefði verið í rauðri peysu, en í síðari skýrslu hafi hann talað um hettupeysu og getið um að hún hafi verið með röndum. Vitnið kvaðst hafa lýst peysunni sem rauðri hettupeysu, með röndum alveg frá upphafi en kvaðst ekki kunna skýringar á því hvers vegna þetta væri svo haft eftir því í frumskýrslu. Þá staðfesti vitnið aðspurt það sem eftir því var haft í lögregluskýrslu um að umræddur maður hafi verið með silfurskreytt belt og einnig að þegar vitnið hafi séð manninn í annað sinn, þá standandi við bifreiðina, hafi maðurinn verið kominn með mosagræna hermannaderhúfu á höfuð sér. Þegar vitnið var spurt nánar út í hvað það hefði séð manninn gera við hurðina, kvað það manninn hafa staðið mjög nálægt hurðinni, eins og hann héldi á einhverju í höndunum og þegar vitnið hafi lagt inn á bílastæðið þá hafi maðurinn stungið einhverju í vasann og hlaupið burt. Vitnið var einnig spurt um það sem eftir því var haft í skýrslu um myndsakbendingu um að það hefði beitt útilokunaraðferð við að þekkja manninn á myndinni. Skýrði vitnið svo frá að það hefði talið þetta vera manninn en eftir að hafa skoðað vandlega aðrar myndir sem því hafi verið sýndar hafi það orðið alveg visst í sinni sök. Kallaði vitnið þetta útilokunaraðferð.

II.

Ákærði hefur sem áður er lýst neitað því að hafa verið á ferð í [...] í umrætt sinn og hefur sagst hafa verið á umræddum tíma í tilteknu húsi. Af hans hálfu hafa hins vegar ekki verið leidd nein vitni máli hans til stuðnings.

Í máli þessu nýtur aðeins við framburðar eins vitnis. Sá vitnisburður er hins vegar greinargóður og skýr og hefur vitnið fullyrt að ákærði sé sá maður sem það sá við hurð að umræddri íbúð að [...]. Vitnið lýsti því einnig að það hefði skoðað hurðina og séð að hurðarhúnn hafi verið losaður og hafi húnninn legið þar hjá og á læsingunni hafi verið skrapför. Þykir framburður þessa vitnis trúverðugur og fær einnig stöð í öðrum gögnum. Hefur vitnið lýst klæðnaði þess manns sem um ræddi og kemur sú lýsing heim og saman við klæðnað ákærða þegar hann var handtekinn síðar sama dag. Þá hefur vitnið einnig lýst bifreið þeirri sem það sá og fær sú lýsing samræmst þeirri bifreið sem ákærði var á þegar hann var handtekinn. Gefur það framburði vitnisins aukinn trúverðugleika að það lýsti með greinargóðum hætti sérkennum bifreiðarinnar sem samræmast ástandi hennar þegar lögregla kom að henni. Bifreiðin er rauð, skráningarnúmer sem á henni var er RY-088 og aðeins var eitt skráningarnúmer á henni og var það að framan eins og vitnið bar. Á grundvelli framanritaðs verður talið að komin sé fram í máli þessu lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi verið þarna á ferð á umræddum tíma. Þá verður og talið að ákærði hafi í umrætt sinn verið að reyna að brjóta upp hurð að umræddri íbúð. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 2. tölulið ákæru. Þykja engin efni til að fallast á það með verjanda ákærða að háttsemi þessa beri að heimfæra undir 231. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og verður háttsemin heimfærð undir 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga eins og ákæruvaldið krefst.

Ákærði hefur eins og að framan greinir játað að hafa ekið bifreið án þess að hafa ökuréttindi á bifreiðastæði við Hagkaup í Smáralind, Kópavogi þann 5. júlí 2007 og er sú játning í samræmi við fyrirliggjandi sakargögn. Verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi og varðar brotið við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 58/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gerði hann sátt hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði um greiðslu 134.000 króna sektar vegna fíkniefnalagabrots þann 20. janúar 2004 og 31. janúar 2007 gerði hann sátt hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu 45.500 króna sektar vegna fíkniefnalagabrots. Þann 12. júlí sl. var ákærði dæmdur í 30 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir fjölmörg brot m.a. á almennum hegningarlögum og mörg brotin framin í félagi við aðra. Ákærði hefur lýst yfir áfrýjun dómsins. Vegna þess máls sat ákærði í gæsluvarðhaldi frá 30. janúar til 2. júlí 2007.

Brot sem ákærði er nú sakfelldur fyrir eru framin þremur dögum eftir að hann var laus úr gæsluvarðhaldi samkvæmt framansögðu og meðan hann beið enn dóms þess sem áður er getið um. Þykir þetta lýsa ófyrirleitni og einbeittum brotavilja ákærða. Verður ákærða nú gerður hegningarauki í samræmi við 78. gr. almennra hegningarlaga við þann dóm og þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Vegna þessa máls og einnig með vísan til fyrrnefnds dóms frá 12. júlí sl. hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi frá 6. júlí sl. og rennur það út við uppkvaðningu þessa dóms í samræmi við ákvæði 106. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt til frádráttar dæmdri refsingu að fullri dagatölu eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærvaldið féll frá hluta krafna sinni í upphafi aðalmeðferðar, m.a. vegna ákæruliðar nr. 3. um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Verður sakarkostnaður vegna blóðrannsóknar á ákærða 79.299 krónur því lagður á ríkissjóð. Að öðru leyti þykja ekki efni til að fella sakarkostnað á ríkissjóð og verður ákærða gert að greiða annan sakarkostnað að fullu sem eru þóknun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns á rannsóknarstigi og málsvarnarlaun verjandans, sem ákvarðast í einu lagi að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Halldór Björnsson settur héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ívar Aron Hill Ævarsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Til frádráttar dæmdri refsingu kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt vegna málsins frá 6. júlí 2007 til dagsins í dag.

Kostnaður vegna rannsóknar á blóðsýni, 79.299 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði þóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 311.250 krónur.

Halldór Björnsson